



Sigursteinn Sumarliðason knapi ársins, Soffía Sveinsdóttir knapi ársins í áhugamannaflokki og Védís Huld Sigurðardóttir ásamt upprennandi hestakonunum Margréti og Kamillu og formanni Sleipnis, Berglind Sveinsdóttir.

Sigursteinn Sumarliðason knapi ársins hjá Sleipni

Á uppskeruhátíð Sleipnis þann 15. nóvember sl. var Sigursteini Sumarliðasyni veitt viðurkenningin Knapi ársins hjá Sleipni annað árið í röð.

Sigursteinn hefur átt gott ár og sýnt mikla færni með þá Krókus frá Dalbæ og Liðsauka frá Áskoti.

Segja má að árið hjá Sigursteini hafi einkenst af hraða, þar sem hann keppti að stærstum hluta einungis í skeiðgreinum. Á þeim fjölmörgu mótum sem Sigursteinn keppti á sigraði hann 250 m skeið á WR íþróttamóti Sleipnis á Krókusi frá Dalbæ og með Liðsauka tryggði hann sér 2. sætið í 250 m skeiði á WR íþróttamóti Geysis.

Í ágúst héldu Sigursteinn og Krókus leið sína til Sviss þar sem þeir kepptu fyrir Íslands hönd í 250 og 100 m skeiði. Þar náðu þeir glæsilegum árangri og urðu tvöfaldir silfurhafar í báðum þessum greinum.

Knapi ársins í flokki áhugamanna var valin Soffía Sveinsdóttir en hún hlaut viðurkenninguna þriðja árið í röð. Á þeim fjórum stórmótum utan húss sem hún keppti á reið hún til A úrslita í 1. flokki á þeim öllum og átti hún einnig góðu gengi að fagna í suðurlandsdeildinni en þar sigraði hún slaktaumatölt áhugamanna. Á opna WR íþróttamóti Geysis stóðu hún og Skuggaprins frá Hamri efst eftir

forkeppni í T3 með einkunina 6,87 sem jafnframt varð hæsta einkunn þeirra á árinu í T3 1. flokki.

Knapi ársins í flokki áhugamanna var valin Védís Huld Sigurðardóttir. Védís átti einstakt ár og sýndi svo sannarlega hvað þrotlaus vinna og eljusemi getur skilað sér. Hún keppti á fjölmörgum mótum með frábærum árangri, en það sem stendur upp úr er að hún varð tvöfaldur Íslandsmeistari í tölfti og fjörgangi ungmenna hér á heimavelli og toppaði svo árið með því að tryggja sér tvöfaldan heimsmeistaratitil á Ísaki frá Þjorsárþakka í sömu greinum.

Óli Stefán ráðinn þjálfari meistaraflokks karla á Selfossi

Óli Stefán Flóventsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Ungmannafélagi Selfoss, en hann gerir tveggja ára samning við félagið.

Óli hefur stýrt bæði KA og Grindavík í efstu deild karla þar sem hann náði góðum árangri með bæði lið. Hann kom Grindvíkingum til að mynda upp úr 1. deildinni sumarið 2016 og endaði ári síðar í 5. sæti Pepsi-deildarinnar sem var og hét. Þá náði endaði hann í 5. sæti með KA sumarið 2019 sem var besti árangur liðsins í fjöldamörg ár.

Þá kom hefur hann tvisvar sinnum komið liði Sindra upp um deild, fyrst árið 2012 og síðar 2022. Á nýafstöðnu tímabili var Óli aðstoðarþjálfari Sindra síðari hluta tímabilsins. Óli er með UEFA Pro þjálfaragráðu en hún er æðsta þjálfaragráða UEFA.

Óli var lunkinn á vellinum sem leikmaður og á yfir 400 leiki í deildarkeppni á Íslandi með Grindavík, Fjölni, Sindra.



„Ég var ekki endilega á leið í þjálfun aftur á þessum tímapunkti en þegar Selfoss hafði samband varð ég strax mjög áhugasamur. Eftir fyrsta kynningafund vissi ég að þetta starf ætti mjög vel við mig og fyrir það sem ég stend í þjálfun,“ segir Óli.

„Hér er í senn frábær aðstaða, metnaðarfullt fólk í kringum félagið, og síðast en ekki síst spennandi leikmannahópur sem verður gaman að vinna með. Ég er stoltur og ánægður að tilheyra núna Selfoss fjölskyldunni og hlakka mikið til hefjast handa.“

UMFS



Byrjaði að syngja áður en hún byrjaði að tala



Dreymir um að syngja með Stebba Hilmar

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2019



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

HÁSKÓLI
UNGA FÓLSINS

HÁSKÓLALESTIN

OPIÐ VÍSINDAHÚS

Háskólalestin á Suðurlandi

Laugardaginn 22. nóvember kl. 13–16 í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi

Fræði og fjör fyrir alla fjölskylduna

Gestir á öllum aldri fá að kynnst fjölbreyttum undrum vísindanna á lifandi og gagnvirkan hátt með vísindafólki HÍ.

Verið hjartanlega velkomin! Aðgangur er alveg ókeypis og engin skráning er nauðsynleg – bara mæta!

Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss

Sími 590-6996

Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi

Rauði krossinn - Eyravegi 23, Selfossi
Fimmtudaginn 27. nóvember kl. 20:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Undirbúningur sveitarstjórnarkosningaNánari upplýsingar og skráning á:
<https://xs.is/vidburdir>Kjördæmisráð
Suðurkjördæmis

Elisabet Ósk Guðlaugsdóttir, nýr útibússtjóri Sjóvá á Selfossi. Mynd: Aðsend.

Elisabet Ósk ráðin útibússtjóri Sjóvá á Selfossi

Elisabet Ósk Guðlaugsdóttir hefur verið ráðin útibússtjóri Sjóvá á Selfossi. Hún segir hlutverkið bæði spennandi og krefjandi og sér fram á að efla þjónustu og tengsl fyrirtækisins við samfélagið á öllu Suðurlandi.

„Ég er fædd og uppalin á Selfossi og á sterka tengingu við svæðið allt auk þess sem ég þekki samfélagið vel. Útibú Sjóvá á Suðurlandi eru nú tvö, á Selfossi og í Vestmannaeyjum, en svæðið nær allt frá Þorlákshöfn og nánast að Höfn í Hornafirði, þar sem nýlega opnaði nýtt útibú. Svæðið er stórt og fjölbreytt og tækifærin óteljandi. Ég sé fyrir mér að efla þjónustuna með því að vera sýnileg, kynnst viðskiptavinum, hlusta á þeirra þarfir og byggja upp traust og persónuleg tengsl. Markmiðið mitt er að Sjóvá verði fyrsta val viðskiptavina á Suðurlandi þegar kemur að tryggingum. Sjóvá hefur verið duglegt við að opna svokölluð pop-up útibú þar sem starfsmenn koma sér fyrir á góðum stað þar sem ekki er útibú starfandi og bjóða fólki að kynnst þjónustunni og fyrirtækinu. Það hefur heppnast vel og er stefnan að halda því áfram á svæðinu.“

Traust, samvinna og nærvera skipta mestu máli

Elisabet segir traust og samvinnu lykilatriði þegar kemur að því að byggja upp sterkt teymi á landsbyggðinni. „Mikilvægt er að teymið hafi góða þekkingu á svæðinu og skilji þarfir íbúa og fyrirtækja.“

Hún telur nærveru fyrirtækja eins og Sjóvá ómetanlega fyrir samfélagið á Suðurlandi. „Viðskiptavinir fá betri aðgang að þjónustu, persónulegri ráðgjöf og aukna öryggisfögnu. Fyrirtækið tekur virkan þátt í samfélagsmálum, styrkir ýmis verkefni og styður við uppbyggingu á svæðinu. Öflug nærvera tryggir einnig að þekking og reynsla um staðbundnar þarfir skila sér í betri þjónustu til allra.“

Að sögn Elísabetar er Suðurland einstakt vegna sterkrar stöðu landbúnaðar og ört vaxandi ferðaþjónustu.

Framtíð með tækni og mannlegum samskiptum

„Áherslur eru sífellt að breytast í samfélaginu öllu og ekki síst í tryggingaheiminum. Ég hef strax upplifað hversu fram-sækið og sveigjanlegt fyrirtækið er. Hér er lögd rík áhersla á að fylgjast vel með breytingum í

samfélaginu og bregðast hratt við nýjungum. Öflugur og samheldinn hópur starfsfólks vinnur markvisst að því að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu vörur og þjónustu. Starfsandinn er frábær og það skilar sér greinilega í jákvæðri upplifun viðskiptavina,“ segir Elísabet.

Áður starfaði hún hjá Sigtún Þróunarfélagi og segir þá reynslu hafa veitt sér dýrmæta innsýn í mikilvægi öflugs samfélags og góðrar þjónustu. „Nú taka við nýjar áskoranir þar sem ég get sameinað þjónustulund, tengslanet og áhuga á að efla samfélagið okkar. Nú hlakka ég til að takast á við nýjar áskoranir hjá Sjóvá, kynnst fjölda fólks og styðja við áframhaldandi uppbyggingu á Suðurlandi.“

„Stafrænar lausnir gera okkur kleift að veita hraða og skilvirka þjónustu en mannlegi þátturinn verður alltaf ómissandi. Persónuleg samskipti, traust og tengsl eru grunnstoðir í allri þjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem nálægðin við samfélagið skiptir máli. Framtíðin felur í sér aukna nýtingu tækni til að bæta þjónustu, en það er mikilvægt að halda fast í persónuleg samskipti og hlýju sem gerir þjónustuna einstaka,“ segir Elísabet í lokin.



HÚSASMIÐJAN

blómavali

20.-22. nóvember

Lengri opnun á
afmælisvikunni

Opið til kl. 20 á fimmtudaginn

AFMÆLIS HATTIÐ Á SELFOSSI

Dagskrá:

Fimmtudagur:

- Barna og unglingakór Selfosskirkju syngur jólalög
- Kjörís íspinnar fyrir alla

Föstudagur:

- Morgunkaffi í afmælisbúningi frá kl. 9-12
- Afmælistaka meðan birgðir endast.
- Kjörís íspinnar fyrir alla

Laugardagur

- Einar Aron, býr til blöðrudýr fyrir börnin kl. 12:00
- Einar Aron, töfrasýning kl. 13:00
- Kjörís íspinnar fyrir alla
- Afmælistaka meðan birgðir endast.

Barna- og unglingakór Selfosskirkju



Einar Aron
töframaður

Býr til blöðrudýr kl. 12 og
sýnir einstök töfrabrogð kl. 13



33%

Jólastjarna
10327510

1.990 kr
~~2.990 kr~~

25%

Allar vörur í Blómavali 25% • Jólaseriur og Jóla ljós 25%
Jóla vörur, skraut og gervitré 25% • Búsáhöld 25%
Smáraftæki 25% • Málning 25% • Rafmagnsverkfæri 25%
Parket og flísar 25% • Ljós 20% (Gildir ekki af HUE og Wiz)
Blöndunartæki og hreinlætistæki fyrir eldhús og bað 25%

Vinkonur selja dótið sitt til að styrkja Krabbameinsfélagið

Vinkonurnar Magnea Kristín, Heiðrún Ýr, Fanney Frigg, Fanney Rut og Vaka Röfn sem allar eru 8 ára, gengu í hús á dögunum og seldu hluta af dótinu sínu sem þær höfðu ekki lengur not fyrir. Þær færðu Krabbameinsfélagi Árnassýslu ágóðan sem var 8.500 krónur.

Stelpurnar hafa verið vinkonur frá því í leikskóla og eru í dag, allar saman í 3ja bekk í Vallaskóla. Stelpurnar sögðu að fólk hafi tekið þeim vel þegar þær bönnuðu uppá til að selja dótið, sumir hafi styrkt þær án þess að vilja fá dót fyrir peninginn. Aðspurðar hvers vegna þær hafi valið að styrkja Krabbameinsfélagið, sögðust þær þekkja fólki sem hafi fengið krabbamein og þeim langaði að hjálpa fólki sem hefur fengið krabbamein.



Vinkonurnar ásamt Svanhildi Ólafsdóttur, formanni krabbameinsfélags Árnassýslu. Mynd: Aðsend.

Stjórn Krabbameinsfélags flottu vinkonum fyrir þeirra Árnassýslu þakkar þessum mikilvæga styrk.



Sunnlenski matgæðingurinn



Lifrabuff

Hermundur Guðsteinsson er sunnlenski matgæðingur vinkunnar.



Það skyldi enginn vanmeta systur sínar, svo mikið er víst. Oft hef ég horft á þennan dálk og óttast að önnur hvor systra minna myndi dúkka hér upp, vitandi að í kjölfarið gætu spjótin beinst að mér sem matgæðing. Það er freistandi að uppvæðast af nafnbótinni og arka sem drýldinn angurgapi um allar þorpagrundir. En þó svo að holdafarið beri með sér að ég kunni að gæða mér á mat, er full djúpt í árinna tekið að ég búi yfir matgerðarhæfileikum.

Mín matseld er í grunninn óljós hugmynd eða minning af því hvernig mamma gerði hlutina og svo er slumpað, dassað, slett og áætlað uns matseldin fer að taka á sig einhvers konar form þess sem kalla má mat.

Af þeim sökum ákvað ég að birta hér uppskrift af lifrabuffi sem var reglulega á borðum á mínu æskuheimili. Lifrabuff er einstaklega hollt og bragðgott.

Lifrabuff

250 grömm lambalifur
250 grömm hráar kartöflur
2 msk heilheiti
1 – 1,5 laukur
50 gr smjör

Lifrin er hreinsuð og kartöflurnar flysjaðar. Allt er þetta hakkað saman með hentugu apparati.

Smjórið er brætt á pönnu og laukurinn brúnaður hressilega

Mig langar að skora á Einar Þorfinnsson að deila með lesendum einhverju góðgæti úr sínum fórum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

í því. Að því loknu er hann settur til hliðar.

Lifrardeggið er sett á pönnuna í fagurmótuðum kökum, um 1-2 matskeiðar í hverri köku, og steiktar í 1-2 mínútur á hvorri hlið uns þær eru gegnsteiktar. Salti og pipar eða öðrum framandi kryddtegundum stráð yfir hvora hlið eftir smekk.

Lifrabuffinu og lauknum er raðað á heitt fat, smjórið sem eftir er á pönnunni er soðið með um 1 dl. af vatni og smá kjötkrafti. Þessu er hellt yfir lifrabuffið.

Best er að sjálfsögðu að bera lifrabuff fram með brúnni sósu, kartöflumús, rauðkáli, grænum baunum og ríkulegri tuggu af heimalagaðri rabarbarasultu.

Að endingu er rétt að benda lesendum á leiðan fylgifisk lifrabuffs, líkt og hrossbjúgna og sláturs, að raunveruleg hættu er á ofáti. Því mæli ég með því að gera ráð fyrir að liggja á meltunni að máltíð lokinni.

MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA OG ARNBJÖRG



ÁRLEG LEYNIVINAVIKA HALDIN HJÁ ML

GÓÐAN DAG KÆRU SUNNLENDINGAR

Vikuna 10.–14. nóvember sl. var haldin leynivínaveika í Menntaskólanum að Laugarvatni. Á föstudeginum 7. nóvember höfðu nemendur dregið nafn annars aðila í skólanum og gengur leynivínaveikan út á það að gefa gjafir hvort sem það er fluttningur ljóðs, nammí eða allskyns fleira sem manni dettur í hug. Ekki fá nemendur að vita hver hefur verið að gefa þeim gjafir í vikunni fyrir en á föstudeginum.

Föstudaginn 14. nóvember var haldið ball og var það ball náttfataball! Þá klæddu sig allir einfaldlega í náttföt og héldu af stað upp í Eyvindartungu þar sem nemendurnir skemmtu sér að besta leyti. Á ballinu byrjar svo einn með rós sem hann gefur leynivíni sínum og svo gengur rósin milli hvers leynivíns og þá loks hafa allir fengið að hitta þann sem hafði verið að gefa þeim gjafirnar. En ballið heppnaðist frábærlega, það var fyrrum vitavörður skólans hann Kamil sem var fengin til þess að koma og stýra tón-

listinni þangað til Séra Bjóssi mætti á ballið og tók nokkur lögin sín.

Þannig lauk leynivínaveikunni þetta árið, eftir fullan skammt af gleði, spennu og góðum gjörðum. Náttfataballið reyndist vera fullkominn endir á skemmtilega viku og tókst að draga alla saman í léttu og hlýju andrúmslofti.

Elena R. Marquez
Gunnlaugsdóttir,
ritnefndarformaður
nemendafélagsins Mímis.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Í eldhúsinu uppi er hér og á rúmi barna. Úr mörgum beinum búin er, í byggingum er gjarna.

Svar við gátu í blaði 2828: **DISKUR**
1. DVD diskur - 2. Matardiskur
3. Fljúgandi diskur - 4. Bremsudiskur



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is





**Næstu útgáfur
Dagaskrárinnar**

Fimmtudaginn
27. nóvember

Fimmtudaginn
4. desember

Fimmtudaginn
11. desember
Jólablað
Dagaskrárinnar

Fimmtudaginn
18. desember
Síðasta blað
ársins

BÓKARI ÓSKAST

HJÁ TRAUSTU FYRIRTÆKI Á SELFOSSI

Niko ehf sem rekur Ferðaskrifstofu eldri borgara og Kolumbus ævintýraferðir auglýsir eftir bókara til starfa í 50-70% starf með möguleika á hærra starfshlutfalli.

Fyrirtækið býður uppá glæsilega vinnuaðstöðu á Eyravegi 37, Selfossi, þar sem þegar starfa 4 starfsmenn í fullu starfi. Umsækjendur þurfa helst að vera 50 ára eða eldri og búa að góðri reynslu við bókhaldsstörf og ársuppgjör. Æskileg búseta er austan Hellisheiðar.


Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið skk@niko.is og verður þeim öllum svarað. Umsóknarfrestur er til 28. nóvember en starfið er laust frá 1. janúar 2026.



**FERÐASKRIFSTOFA
ELDRI BORGARA**

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR

Niko ehf • Eyravegi 37, 800 Selfoss • Sími 499-2960 • Kt. 590110-1750



**Náttúruverndar
stofnun**

Sviðsstjóri mannauðsmála



Náttúruverndarstofnun óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í starf sviðsstjóra mannauðsmála. Sviðsstjóri vinnur náið með forstjóra og öðrum stjórnendum stofnunarinnar. Þrír starfsmenn starfa á mannauðssviði og er mannauðsstjóri hluti af stjórnendateymi stofnunarinnar. Um er að ræða fjölbreytt starf sem tilvalið er fyrir náttúruunnanda með reynslu af mannauðsmálum.

Höfuðstöðvar Náttúruverndarstofnunar eru á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra og gert er ráð fyrir að þar verði megin starfsstöð mannauðsstjóra. Starfsstöðvar stofnunarinnar eru 15 víðsvegar um landið og felur starfið því í sér hreyfanleika milli starfsstöðva.

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2025

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Um fullt starf er að ræða, hægt er að nálgast nánari upplýsingar um starfið á www.intellecta.is

Náttúruverndarstofnun er ný stofnun í þróun. Stofnunin hefur víðtækt hlutverk í náttúruvernd, vernd þjóðgarða og friðlýstra svæða ásamt veiðistjórnun. Rangárþing eystra er sveitarfélag í vexti í um 90 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarssvæðinu. Á Hvolsvelli er góð þjónusta og einstakar náttúruperlur í bakgarðinum.



Neyðarþjálfun

Kynntu þér úrval spennandi námskeiða á
www.neydarthjalfun.is

Skyndihjálpar - Öryggisnámskeið - Viðbragðsaðilar

Þjóðum upp á úrval sérsniðinna skyndihjálparnámskeiða fyrir hópa og vinnustaði.

Þjóðum einnig upp á öryggisnámskeið fyrir þá sem vinna við krefjandi aðstæður og þjálfun fyrir viðbragðsaðila

Fáðu fagfólk til að kenna þér - Skyndihjálpar má vera skemmtileg

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

Vaxandi samfélag þarf sterkari innviði - Tími til að fjárfesta í framtíð HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) hefur á undanförmum árum markvisst aukið og eftir þjónustu við íbúa í sveitarfélaginu og á Suðurlandi. Stofnunin hefur með mikilli fagmennsku byggt upp mikilvæga þjónustu svo sem krabbameinsmeðferðir, geðheilbrigðisþjónustu, bráðalyflækn-ingadeild og heimaspítala. Þá hefur stofnunin í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg unnið að verkefninu Gott að eldast sem miðar að því að veita faglega og samfellda velferðar- og heilbrigðisþjónustu í Árborg. Það sem hér er upptalið eru aðeins brot af þeim mikilvægu verkefnum sem HSU stendur fyrir með það að markmiði að veita heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa og gesti svæðisins.

Álagið hefur aukist samhlíða fjölgun íbúa á starfssvæði stofnunarinnar

Frá árinu 2008 hefur íbúum í Árnessýslu fjölgað úr 15.167 í 22.520 árið 2025, sem jafngildir um 48% fjölgun samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Á sama tímabili hafa komur erlendra ferðamanna til landsins fimmfaldast og stór hluti þeirra heimsækir starfssvæði HSU. Auk íbúafjölgunar og ferðamanna eru á svæðinu um átta þúsund sumarhús og fjöldi gisti- og tjaldsvæða. Það er því ljóst að þegar slys, sjúkdómar eða önnur bráð veikindi koma upp leitar fjölmennur hópur fólks til HSU eftir þjónustu.

Þegar rýnt er í gögn úr árs-skýrslu HSU kemur fram að árið 2019 voru 14.765 komur á bráðamóttöku HSU á Selfossi en árið 2023 hafði þeim fjölgað í 20.073. Þetta er aukning um 5.308 komur eða 36% á fjórum árum sem samsvarar um fjórtán fleiri komum á dag að meðaltali. Til samanburðar voru 17.147 komur á bráðamóttökuna á Akureyri árið 2023, sem undirstrikar umfang og mikilvægi þjónustunnar á Selfossi. Þá hafa legudagar á lyflækningadeild



HSU á Selfossi einnig aukist töluvert eða úr 5.555 árið 2019 í 7.316 árið 2023. Þá hefur meðallegutími nær tvöfaldast á sama tímabili eða úr 7,5 dögum í 15,3 daga.

Þessi mikla fjölgun á svæðinu ásamt auknum fjölda þeirra sem leita heilbrigðisþjónustu hjá HSU kallar bæði á fjölgun starfsfólks en ekki síður á aukið húsnæði.

Aðkallandi og alvarleg þörf á stærra og endurbættu húsnæði

Síðast var byggt við sjúkrahúsið á Selfossi árið 2008 að undanskildu hjúkrunarheimilinu Móbergi, sem byggt var eftir lokun á tveimur öðrum hjúkrunarheimilum á svæðinu. Eitt sinn stóð til að byggja aðra hæð ofan á elsta hlutta sjúkrahússins á Selfossi. Vinna við það verkefni var langt komin þegar í ljós kom að framkvæmdin reyndist ekki tæknilega möguleg. Síðan þá hefur lítill sem engin framþróun átt sér stað af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins.

Aðkallandi þörf er á að ráðast í viðbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi og leysa þann mikla húsnæðisvanda sem HSU stendur frammi fyrir. Nægt landsvæði er til staðar við sjúkrahúsið og mun sveitarfélagið Árborg standa með stofnuninni í að skipuleggja það land sem þarf til. Með uppbyggingu á húsnæði

HSU er lagður grunnur að því að stofnunin geti haldið áfram að mæta vaxandi þörfum samfélagsins og sinnt sínu mikilvæga hlutverki.

Ákall sveitarfélaga á Suðurlandi

Á ársfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga bókuðu sveitarfélögin sameiginlega ályktun þar sem þau kalla eftir tafarlaustum aðgerðum:

„Uppbygging húsnæðis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23. - 24. október, skorar á ríkisvaldið að setja uppbyggingu, endurbætur og viðhald Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í forgang.“

Þessi samhljóða afstaða sveitarfélaganna undirstrikar alvarleika málsins og sýnir að vandinn er ekki einangraður við stofnunina sjálfa heldur snertir alla íbúa á Suðurlandi.

Áskoran til stjórnvalda

Íbúapróun og fjölgun ferðamanna á undanförmum árum hefur aukið verulega álag á starfsfólk og starfsaðstöðu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þrátt fyrir þetta mikla álag og skort á viðeigandi aðstöðu hefur starfsfólk HSU sýnt einstaka þrautseigju og staðið vörð um starfsemi stofnunarinnar svo eftir því er tekið. Slik staðfesta er þó ekki sjálfbær til lengdar. Án aukinna fjárveitinga til nauðsynlegra lagfæringa og stækkunar húsnæðis verður sífellt erfiðara að mæta vaxandi eftirspurn eftir þjónustu. Núverandi ástand er ekki viðunandi til framtíðar og kallar á tafarlaus og markviss viðbrögð stjórnvalda.

Nú er tími kominn til að stjórnvöld taki af skarið! Mannauðurinn er til staðar — það sem vantar er aukið húsnæði og betri starfsaðstæður.

Sveinn Ægir Birgisson,
formaður bæjarráðs í
Sveitarfélaginu Árborg.

Upplestur fyrir börn

í Bókakaffinu
á Selfossi

FIMMTUDAGINN
20. NÓVEMBER KL. 17:00

Harpa Rún Kristjánsdóttir
les upp úr *Hver á mig?*

Ókeypis kakó og tilboð
á barna- og unglingabókum!

Bókakaffið



Háskólafélag Suðurlands og SASS undirrita samning um „Nýsköpunarstefnu fyrir Suðurland“

Háskólafélag Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa undirritað samning að fjárhæð 2,5 milljónir króna vegna áhersluverkefnisins „Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland“. Verkefnið, sem styrkt er af Sóknaráætlun Suðurlands, felur í sér að Háskólafélagið leiði mótun heildstæðrar stefnu til að samræma og efla nýsköpunarstarf í landshlutunum.

Meginhlutverk Háskólafélags Suðurlands er að auka búsetugæði með því að færa menntun, rannsóknir og nýsköpun nær Sunnlendingum, í samstarfi við samfélagið.

Stór hluti er að hlusta og skilja tækifæri og áskoranir

Ingvaldur Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, segir verkefnið þurfa að byggja á sérstöðu Suðurlands.

„Við hjá Háskólafélaginu erum stolt af því að leiða þetta mikilvæga verkefni. Hlutverk Háskólafélags Suðurlands er að skapa ný tækifæri, opna á möguleika fólks að sækja sér aukna menntun, vera leiðandi í nýsköpunarstarfi á Suðurlandi og hvetja atvinnulíf og fyrirtæki til þátttöku í nýsköpunarverkefnum.“

Ingvaldur bætir við að stór hluti vinnunnar við að setja fram stefnu sé ekki síst að hlusta og skilja hvaða tækifæri eru að opnast og hverjar áskoranir eru næstu ára.

„Nýsköpunarstefna verður vonandi lykilþáttur í að auka búsetugæði svæðisins og við viljum virkja það frumkvæði

sem hér er til staðar meðal íbúa, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Með því að sameina krafta allra lykilaðila fáum við skýra og samræmda sýn til framtíðar um hvernig nýsköpun getur leitt til aukinnar verðmætasköpunar.“

Viðtækt samstarf lykilaðila

Vinnan við stefnumótunina hefst strax í desember á þessu ári. Hún felst meðal annars í að kalla saman alla helstu hagsmunaaðila í nýsköpunarumhverfi Suðurlands á vinnustofu.

Þar munu meðal annars koma að borði fulltrúar frá FabLab, frumkvöðlasetrunum, Ölfus Cluster, Orkídeu, þekkingarsetrum á svæðinu auk byggðaðþróunarfulltrúa SASS, Atorku, Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) og fleiri. Markmiðið er að móta stefnu sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir geta unnið eftir.

Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SASS, segir verkefnið mikilvægt fyrir landshlutann:

„Það er gríðarlegur nýsköpunarkraftur á Suðurlandi, en hann hefur oft verið dreifður og án heildstæðrar yfirsýnar. Með þessu áhersluverkefni úr Sóknaráætlun Suðurlands erum við að fjárfesta í samræmingu og skýrari framtíðarsýn. Háskólafélagið, með sína sterku tengingu við menntun og atvinnulíf, er kjörinn aðili til að leiða þessa vinnu. Við væntum mikils af þessari samvinnu til að styrkja atvinnulíf og samfélag í öllum landshlutunum.“

Skýr stefna tilbúin 2027

Verkefninu sjálfu lýkur í desember 2026 en gert er ráð fyrir að fullmótuð „Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland“ verði tilbúin árið 2027.



Ingunn Jónsdóttir og Ingvaldur Sæmundsdóttir eftir undirritun. Mynd: Aðsend.

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Orlofssvæði Fagfélaganna á Suðurlandi

Fagfélögin eru samvinnuverkefni VM, RSÍ og MATVÍS, sem eiga og reka um 30 orlofseignir og 3 tjaldsvæði á Suðurlandi.

Fagfélögin óska eftir starfsmanni til starfa á orlofssvæði félaga á Suðurlandi. Starfssvæðið nær frá Grímsnesi að Syðri-Reykjum. Starfsmaður hefur aðsetur á Skógarnesi/Laugarvatni í húsnæði á vegum Fagfélaganna á meðan á sumarstarfi stendur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um áramót.

Helstu verkefni og ábyrgð

Umsjón með orlofseignum og aðstöðu, þrif og almenn viðhaldsvinna, þjónusta við félagsfólk og gesti.

Hæfniskröfur

Samskiptafærni, bílpróf skilyrði, hreint sakavottorð.

Skilyrði er að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri

Við leitum að þjónustulunduðum einstaklingi sem er snyrtilegur, leggur áherslu á góð vinnubrögð og hefur gaman af því að skapa fallegt og snyrtilegt umhverfi. Mikilvægt er að viðkomandi geti unnið bæði sjálfstætt og í teymi.

Vinnutími er aðra hverja viku fimmtudag til þriðjudags yfir vetrartímann en fullt starf yfir sumarmánuðina frá 1. maí-31. ágúst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Benóný Harðarson.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á benony@fagfelogin.is

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 1. desember



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. og 43. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Háeyri, Fljótshlíð - Nýtt deiliskipulag

Um er að ræða deiliskipulagstillögu fyrir frístundarhús að Háeyri, L231231. Heimilt verður að byggja eitt frístundarhús og gestahús. Hámarksbyggingarmagn verður 130 m² og hámarkshæð verður 5 m miðað við gólfplötu.

Stórólfsvöllur - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 75 ha athafnasvæðis úr Stórólfsvelli. Gert er ráð fyrir 9-13 lóðum fyrir m.a. atvinnustarfsemi, léttan iðnað og vörugæmslu. Nýtingarhlutfall lóðanna er 0,5 og hámarkshæð mænis er 12 m en 10 m á lóðunum meðfram þjóðvegnum.

Efri-Úlfsstaðir- deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin fyrir Efri-Úlfsstaði, L163853 gerir ráð fyrir breyttri afmörkun byggingarreits B2, miðstöð fyrir ferðaþjónustu. Hámarksbyggingarmagn á B2 verður 1.000 m² og hámarkshæð er allt að 7,0 m.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:

Brekkur - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 60 ha svæðis úr jörðinni Brekkur, L164160. Tillagan gerir ráð fyrir 11 landbúnaðarlóðum og tveimur undir verslun- og þjónustu. Á landbúnaðarlóðunum verður heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og vera með minniháttar atvinnustarfsemi. Heildarbyggingarmagn er allt að 1.500 m² og hámarkshæð íbúðarhúss er allt að 7,0 m en annarra bygginga er 0,9 m. Á verslunar- og þjónustulóðunum Brekkutún 1, verður heimilt að byggja 8 gestahús eða 320 m² en á Brekkutúni 2 verður heimilt að byggja 22 gestahús, 40 m² að stærð, ásamt 120 m² þjónustuhúsi. Mænishæð gestahúsa verður allt að 3,5 m að hæð en þjónustuhúss verður 5 m.

Brekkur - aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir 5 ha verslunar- og þjónustusvæðis ásamt 11 landbúnaðarspildum með möguleika á fastri búsetu og minniháttar landbúnaði, á 2-6 ha spildum.

Ofangreinda tillögu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 14. nóvember til og með 6. janúar 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt aðalskipulagslýsing:

Móbakki - aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagslýsingunni er verið að afmarka nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) með heimild til fastrar búsetu. Auk þess verður skilgreind samfélagsþjónusta fyrir dýraspítala og verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu.

Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli eða á opnu húsi þann, 28. nóvember 2025, kl.10:00 til 12:00. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 14. nóvember til og með 5. desember 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



Frá vinstri: Þröstur, Davíð, Fannar, Egill, Gunnar, Hekla og Sigríður. Mynd: Aðsend.

Berserkir með frábæran árangur á Grappling Industries Dublin

Þann 16. nóvember sendi Glímufélagið Berserkir sjö keppendur á Grappling Industries Dublin. Alls voru 1318 keppendur skráðir til leiks og keppt var bæði í galla (GI) og án galla (NOGI). Mótið er skipt eftir getu, aldri og þyngdarflokki, sem tryggir jafnar og spennandi viðureignir.

Berserkir stóðu sig frábærllega og enduðu í 5. sæti af 77 klúbbum á mótinu – sem er einstakur árangur miðað við fjölda keppenda. Dagurinn endaði með

12 verðlaunum: 5 gull, 5 silfur og 2 brons, þannig að allir keppendur Berserkja unnu til verðlauna.

Úrslit keppenda Berserkja

- Fannar Júlíusson – Gull í GI og Silfur í NOGI (-77 kg)
- Þröstur Valsson – Silfur í GI (+104 kg)
- Egill Blöndal – Tvöfalt gull í GI og NOGI (-97 kg)
- Sigríður Jóna Rafnsdóttir – Brons í GI og Gull í NOGI (-56 kg)

- Davíð Óskar – Silfur í NOGI (-91 kg)
- Gunnar Páll – Gull í NOGI (-97 kg)
- Hekla Dögg – Tvö silfur í GI og brons í NOGI (-70 kg)

Berserkir halda áfram að sýna styrk sinn bæði innanlands og erlendis, og árangurinn í Dublin er skýr staðfesting á öflugri þjálfun, samheldni og dugnaði keppenda.

Upplstur fyrir yngstu börnin

Fimmtudaginn 20. nóvember kl. 17 verður upplstur fyrir yngstu börnin í Bókakaffinu á Selfossi. Harpa Rún Kristjánsdóttir mun þar lesa úr bók sinni *Hver á mig?*

Bókin fjallar um folald sem alist hefur upp í hæsnakofa og getur ekki hagað sér eins og kjúklingur. Folaldið heldur því út í heiminn til að reyna að finna út hvert það er.

Þetta er fjórða bók Hörpu Rúnar en hún hefur áður sent frá sér ljóðabækur og skáldsögu. Boðið verður upp á



ókeypiss kakó og jólatilboð verður á öllum barna- og ungl-ingabókum.



Jólabingó 10. bekkjar BES

Nemendur í 10. bekk við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri verða með jólabingó í fjáröflunarskini sunnudaginn 23. nóvember kl. 17 í íþróttahúsinu á Stokkseyri.

Þau eru að safna sér fyrir útskriftarferð í vor þegar þau

útskrifast úr grunnskóla.

Fjöldi glæsilegra vinninga verða í boði fjölmargra fyrirtækja á svæðinu.

Hvetjum ykkur til að mæta, eiga skemmtilega samveru og um leið styrkja þessa flottu krakka.

Persónulegar jólagjafir



Inni á hönnunarvef Prentmet Odda er einfalt og fljótlegt að búa til prentaðar jólagjafir

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Sími 482 1944
Gagnheiði 17, Selfossi

selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is
honnun.prentmetoddi.is

honnun.prentmetoddi.is

Myndabækur • Dagatöl • Kort • Ljósmyndir • Nafnspjöld

Haustfundur frjálsíþróttaráðs HSK

Haustfundur frjálsíþróttaráðs HSK var haldinn í Selinu sl. mánudag. Á fundinn mættu fulltrúar aðildarfélaga ráðsins, auk stjórnar ráðsins og framkvæmdastjóra HSK.

Á fundinum var m.a. farið yfir fjárhagsstöðu ráðsins sem er ágæt. Það stefnir samt í smávægilegt tap, vegna þeirra ánægjulegra aðstæðna, að mjög margir iðkendur tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Á fundinum var rætt um skipulag héraðsmóta 2026 og dagsetningar ákveðnar með hliðsjón af mótaskrá FRÍ.

Undir önnur mál var rætt um þátttöku á meistaramótum undir merkjum HSK/Selfoss og hvort það hefði komið til tals að breyta því. Þá var greint frá fyrirhuguðu skemmtikvöldi fyrir 11 – 14 ára iðkendur og loks var sagt frá stöðu mála varðandi kaup á nýrri myndavél fyrir tímatöku.



Frá haustfundi frjálsíþróttaráðs HSK sl. mánudagskvöld. Mynd: HSK.

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldir skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Hrókabólsvegur 1 - aukið nýtingarhlutfall - Deiliskipulagsbreyting

Lögd er fram breyting á deiliskipulagi Hjarðarbóls - lóð 1. Breytingin varðar lóðina Hrókabólsveg 1 og felur í sér stækkun byggingarreits og aukningu nýtingarhlutfalls svo það verði í samræmi við núgildandi aðalskipulag Ölfuss.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 30. október 2025.

Hafnarsandur 2 - stækkun tengivirkis - Óveruleg breyting aðalskipulags

Lögd er fram óveruleg breyting á aðalskipulagi Ölfuss er snýr að lóðinni Hafnarsandi 2 en þar er nýtingarhlutfall aukið til að rúma stækkun tengivirkisins.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 30. október 2025.

Hafnarsandur 2 - stækkun tengivirkis - Deiliskipulagsbreyting

Lögd er fram deiliskipulagsbreyting vegna tengivirkis Landsnets að Hafnarsandi 2. Til stendur að stækka tengivirkið vegna tilkomu nýs 132 kv jarðstrengs sem tengir Þorlákshöfn inn á netið.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 30. október 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætla til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæranevni til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmæla-rétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

Heiðmörk 30-36, Grundarreitur skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 13. nóvember 2025 að auglýsa skipulagslýsingu deiliskipulags fyrir Heiðmörk 30-36 sem byggir á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lögd er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á skilmálum aðalskipulags og nýtt deiliskipulag á svæði Grundar að Heiðmörk 30-36 dagsett í nóvember 2025. Svæðið er 1,15 ha og er landnotkun í núgildandi aðalskipulagi íbúðabyggð ÍB8. Svæðið er afmarkað til vesturs af Bláskógum, í austur af Litlumörk, í norður af Heiðmörk og í suður af Belamörk.

Markmið skipulagsins verður að móta íbúðarbyggð sem er til þess fallin að stuðla að góðu mannlífi og sambúð ólíkra hópa, að uppbygging falli vel að núverandi byggð og byggðarmynstri ásamt því að vera í samræmi við áherslur og stefnu í komandi Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037. Lagt er til að fjölga íbúðum á reitnum frá núgildandi ákvæðum aðalskipulags.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt undir málsnúmeri 1537/2025, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðmörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar. Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með umsögn á Skipulagsgátt, í síðasta lagi 15. desember 2025.

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:
„Jötunheimar viðbygging - jarðvinna“



Verkið felur í sér að grafa fyrir viðbyggingu við leikskólann Jötunheima að Norðurhólum 3 á Selfossi, fylla upp undirstöður hússins og setja upp girðingar utan um framkvæmdasvæðið. Einnig er hluti af verkinu að grafa og fylla í lóð upp að ákveðinni hæð.

Helstu áætlaðar magntölur eru:

Losun klappar	50 m³
Gröftur	3700 m³
Fylling fyrir undirstöður	4300 m³
Gröftur í lóð	900 m³
Fylling í lóð og þjöppun	3000 m³

Verkinu skal að fullu lokið 1. mars 2026.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/01b1d72e-f96b-4d4c-ac3d-64944568bcd1>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs er til kl. 14:00 miðvikudaginn 3. desember 2025.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Jólabasar

Jólabasar kvenfélags Eyrarbakka verður haldinn Sunnudaginn 23. nóvember kl. 14,00 – 17,00 að Stað Eyrarbakka. Margt góðra muna hannyrðarvörur sultur ýmsar kökur, smákökur, blóm og fl. Kaffi og vöffur selt á staðnum Verðum eignnig með markað í Rauðahúsinu 30. Nóvember kl 13,00 – 17,00 Allur ágóði rennur til góðra mála og verka í nær samfélaginu.

Basarnefnd.

Félags-og faggreinafundur

verður haldinn þriðjudaginn 25. nóvember kl. 18:00 í sal félagsins að Austurvegi 56 3 hæð, Selfossi

Dagskrá:

- 1) Kjaramál - kjarakönnun FIT, Hilmar Harðarson formaður FIT
- 2) Lífeyrismál, Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs
- 3) Önnur mál

Veitingar í boði félagsins.
Stjórnin



SIGMUNDUR DAVÍÐ, SNORRI OG KARL GAUTI Á SELFOSSI

OPINN FUNDUR fimmtudaginn 20. nóv. kl. 18 - 20 á Sviðinu

BJÓRKVÖLD með ungliðahreyfingu Miðflokksins fimmtudaginn 20. nóv. kl. 20 á Sviðinu Húfur til sölu!

Aðalskipulagsruglið í Hveragerði enn á ný

Undirritaður neyðist eina ferðina enn til að vara Hvergerðinga við væntanlegu skemmdarverki, tengdu endurskoðun Aðalskipulags Hveragerðis sem framundan er, og alfarið á ábyrgð bæjarstjórnar.

Upprifjun: Í grein sem birt var í Dagskránni 31. júlí (sjá vefinn dfs.is), um væntanlegt aðalskipulag fyrir Hveragerði, er hvatt til færslu þjóðvegur og háspennulína, sunnar og vestar en staðfest aðalskipulag gerir ráð fyrir. Þar komu fram kostir færslanna, og ókostir tillögu bæjarstjórnar. Önnur grein sem birt var 4.sept. (dfs.is) sýndi hugmynd að skipulagi þar sem byggðin þróaðist samfelld og eðlilega. Tillaga bæjarstjórnar sýnir að þjóðvegurinn og háspennulínur klúfa bæinn i sundur svo byggð verður tvískipt, en tengd með þremur undirgöngum undir þjóðveginn. Við eftirleitan var ávallt sagt að það væri “of seint” að færa þjóðveginn og háspennulínur, búið væri að semja um leguna í samræmi við gildandi Aðalskipulag. Ef rýnt er í það skipulag er augljóst að Vegagerðin hefur ákvarðað legu þjóðvegur, og þannig óbeint Aðalskipulagið sjálft. Núverandi bæjarstjórn hefur því miður ákveðið að halda sig við staðsetningu þjóðvegur og háspennulína samkvæmt gildandi aðalskipulagi, til bölvunar fyrir þróun bæjarfélagsins.

Auðvitað er unnt að breyta Aðalskipulaginu ef forsendur breytast, og hagsmunir bæjarfélagsins eru í húfi, enda beinlínis ætlast til þess í lögum. Það er einmitt í Aðalskipulagi sem breytingar eiga að koma fram. Ef þjóðvegurinn og háspennulínur eru færðar í staðfestu Aðalskipulagi ber Vegagerðinni og Landsneti að fylgja þeim breytingum. Bæjarfélagið hefur skipulagsvaldið, og það er í höndum bæjarstjórnar að nýta það vald, og bera ábyrgð á því. Upp geta komið tilvik þar sem sanngjarnra bóta verður krafist, og þá verður að taka því og semja. Bæturnar geta ekki verið miklar í þessu tilviki, því framkvæmdir hafa ekki hafist. Því eru fullyrðingar um að ekki sé hægt að breyta þjóðvegi og línustæðum ekki réttar. Það er alls ekki “of seint”.

Framhaldið: Undirritaður fór aftur að glugga í Skipulags og matsáætlun fyrir endurskoðun Aðalskipulagsins. Þar er fjallað um fjölmörg góð markmið sem tillagan að aðalskipulagi muni byggjast á, auk ýmissa gagna sem nauðsynleg eru við gerð Aðalskipulagsins. Þar kemur einnig skýrt fram að hið nýja aðalskipulag mun byggjast á gildandi aðalskipulagi, þrátt fyrir alla gallana sem á því eru. Engin tilraun er gerð til að bæta gallana, sem eru Hveragerði svo óhagstæð. Þjóðvegurinn og há-

spennulínur munu ennþá kljúfa bæjarlandið í tvennt til eilífðar! Óbætanleg mistök með vitund og vilja bæjarstjórnar, en því miður, einnig að frumkvæði hennar.

Í kafla 1.1 eru markmið endurskoðunar “..að tryggja sem besta samfellu í þróun innan bæjarmarka og að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa..” Bæjarstjórn hlýtur að hafa steingleymt þessu markmiði því samfellan er rofin af þjóðveginn og háspennulínunum. Að tryggja samfellda byggð er eitt af aðalatriðum í þróun íbúa-byggðar. Þessi ákvörðun og hugsunarleysi bæjarstjórnar er mjög slæm fyrir Hveragerði..

Í kafla 1.3 í “Leiðarljósi og Framtíðarsýn” eru þrjú áhersluatriði: “skapandi Hveragerði, heilsueflandi Hveragerði og blómstrandi Hveragerði”. Þetta eru frekar óskýr hugtök sem almenningur á erfitt með að skilja, og ekki gerð samfærandi skil. Einnig leggur bæjarstjórnin áherslu á “skilvirka stjórnsýslu, sem sé gagnsæ og aðgengileg..” Samskipti bæjarfélagsins við undirritaðann um aðalskipulagið voru hið gagnstæða; óskilvirk, ógagnsæ og óaðgengileg. Reynt var að útiloka samskipti við hann, enda ekki ætlunin að hlusta á hann. Því voru greinarnar skrifaðar og birtar í Dagskránni til að upplýsa Hvergerðinga um væntanlegt Aðalskipulagsslys í umboði bæjarstjórnar.

Í kafla 3.1 eru markmiðslýsingin “Að stuðla að góðri nýtingu á landi í Hveragerði” Skipulagstillaga bæjarstjórnar gerir það ekki. Þvert á móti stuðlar hún að mjög slæmri nýtingu. Besta landið fer undir þjóðveg og háspennulínur. Það er harmsaga út af fyrir sig að tillaga bæjarstjórnar er sennilega sú versta sem hægt er að bjóða Hveragerði upp á. Ekki er unnt að valda Hveragerði meiri skaða – landfræðilega og skipulagslega, Tillagan stendst ekki samanburð við skipulags-hugmynd þá sem undirritaður, samkvæmt beiðni, lagði fram til samanburðar (sjá Dagskrá 4.sept. dfs.is). Lega þjóðvegur og háspennulína eru vandamálið, en með færslu þeirra birtist mjög gott skipulag sem fellur vel að hagsmunum Hveragerðis.

Bæjarfélagið réði 3 fagstofur sér til ráðgjafar við útfærslu aðalskipulagsins. Frá þessum fagstofum unnu 6 ráðgjafar fyrir Hveragerði, hver á sínu sviði, þrátt fyrir ráðgjöf gerir bæjarstjórn vond skipulagsmistök frá fyrsta degi! Er það ráðgjöfunum að kenna? Er það skipulagsnefndinni (verkefnastjórninni) að kenna? Er það bæjarstjórninni að kenna? Hvaða skipulagsráðgjöf var bæjarstjórninni gefin?. Það vekur athygli að

enginn ráðgjafanna er skráður skipulagsfræðingur! Hverjir sem eiga sökina þá ber bæjarstjórnin lokaábyrgðina.

Undirritaður hvatti bæjarstjórn, í einu bréfa sinna, til að fá reyndan og óvilhallan skipulagsfræðing til að meta og veita henni ráðgjöf um skipulagið almennt og framkomnu skipulagstillögurnar tvær. Það var að sjálfsögðu ekki gert. Bæjarstjórn hefur gert sér grein fyrir því, að ef matið yrði þeim í óhag, þá væri öll skipulagsvinna bæjarins dæmd ónothæf og einskis virði, sem hún er í raun. Það yrði stór pólitískur ósigur og skömm. Skipulagsvinna er ekki ódýr, kostar ævinlega mikið, oft í milljónum talið. Ef skipulagið er einskis virði, hvers virði er þá yfirstjórn bæjarstjórnar á skipulagsvinnunni?

Verði tillaga bæjarstjórnar samþykkt, yrði það enn stærri ósigur fyrir Hveragerði. Næsta bæjarstjórn eftir kosningar þyrfti þá að hafa hraðar hendur og lagfæra nýsamþykktu aðalskipulagið áður en framkvæmdir við þjóðveg og háskennulínur hefjast. Þá fyrst er það spurningin hvort það væri “of seint.” Fyrsta skrefið yrði þá að gefa ekki út framkvæmdaleyfi. Semja þarf við Vegagerðina og Landsnet strax um flutning, og skipulaginu breytt með ógnarhraða, þá getur bæjarstjórnin bjargað eigin skinni og æru, áður en það verður “of seint”.

Það er óskiljanlegt hvað fær hina kjörnu fulltrúa bæjarfélagsins til að vinna gegn sínum eigin háleitu skipulagsmarkmiðum um “góða nýtingu á landi, samfellda byggð, eðlilega uppbyggingu og betri samfélagsnýtingu”? Þetta er réttilega það sem Aðalskipulag á að snúast um, ekki hvar Vegagerðinni hentar að hafa þjóðveginn. Hvað fær bæjarstjórn til að vinna gegn þessum hagsmunum Hveragerðis? Óhætt er að fullyrða, að ef það væri þeirra eigin hagsmunir myndu núverandi fulltrúar bæjarstjórnar aldrei styðja þessa skipulagstillögu.

Aðalskipulagstillögu bæjarfélagsins hefur verið lýst sem óafturkræfu skemmdarverki á ábyrgð bæjarstjórnar. Það sem stjórnmalamenn óttast mest er að að þeim verði hafnað í kosningum. Sú hætta er svo sannarlega til staðar í maí á næsta ári. Það kæmi engum á óvart þó margir núverandi bæjarfulltrúar hyrfu á brott úr pólitísku starfi, viljugir eða óviljugir, fyrir kosningar eða á eftir. Þeir sem hafa tekið þátt í þessari dæmalausu ógæfu

ferð gætu líka þurft að taka poka sinn að leikslokum. Bæjarstjórn hefur sjálf komið sér í þessa vonlausu og dapurlegu stöðu. Hveragerði á betra skilið.

Róbert Pétursson

Feluleikir fjórða bók Lilju Magnúsdóttur

Það er svo mikil einlægni „Þá fjöllum“ er undirtitill bókarinnar og er þar vitnað í orð aðalpersónunnar Örne. Arna er með manni sem er sjarmerandi á allan hátt. Hann er kvikmynda-leikstjóri og er mikið á fjöllum og Arna er logandi hrædd um að hann eigi vingott við einhverjar þeirra ungu kvenna sem fylgja honum um landið. Arna er að skrifa handrit að mynd um Skaftáreldana og situr við það ein í húsi í Fljótshverfi. Þá er bankað og henni bornar þær fréttir að kvikmyndaleikstjórinn hafi verið handtekinn. Hópur fólks hafði farið að Kárahnjúk-um að mynda á framkvæmda-svæðinu og eina nóttina finnst konan meðvitundarlaus.



Fjölskylda og vinir Örne standa með henni en spyrja jafnframt hvort hún ætli virkilega að vera með svona manni?

Arna á flókna fjölskyldu og þekkir lítið föður sinn sem er alinn upp í Öræfum og þar á hún ömmu sem veit lengra en nef hennar nær og þann hæfileika virðist Arna hafa erfð og kemur að góðum notum við að leysa gátuna um hvað gerðist á Fljót-dalsheiðinni. En það er fleira sem er falið í fjölskyldu Örne en hana grunaði.

Feluleikir er fjórða bók Lilju Magnúsdóttur sem hefur lengi búið á Kirkjubæjarklaustri og verið þar kennari og kynningar-fulltrúi.

Næsta miðvikudagskvöld, 26. nóvember 2025, mun Lilja lesa upp úr bókinni á Héraðs-bókasafninu á Kirkjubæjar-klaustri þar sem verða fleiri góðir gesti með nýjar bækur

Aðventuhátíð að Laugalandi í Holtum

Kvenfélagið Eining í Holtum stendur fyrir árlegri aðventuhátíð félagsins fyrsta sunnudag í aðventu, þann 30. nóvember nk., kl. 13:00 – 16:00. Hátíðin er haldin að Laugalandi í Holtum.

Á hátíðina kemur handverks-fólk víða af Suðurlandi og býður vörur sínar til sölu. Foreldra-félag leikskólans á Laugalandi verður með sinn árlega köku-

basar og rithöfundarnir Harpa Rún Kristjánsdóttir og Fanney Hrund Hilmarsdóttir, báðar bú-settar í Rangárþingi ytra, lesa úr nýútkomnum bókum sínum og hægt verður að versla bækur beint af þeim. Grétar í Áshól, harmonikkuleikari, spilar fyrir gesti og mögulega láta söng-fuglar úr nærsveitinni sjá sig.

Kvenfélagið verður með sína vinsælu hlutaveltu til styrktar

barnasjóði Einingar (engin núll!) auk þess að vera með kaffisölu og fer það sem safnast til góðra málefna.

Á staðnum verður úrval vel lesinna bóka sem gestir eru hvattir til að skoða og taka með sér heim til lestrar / eignar. Þeir sem vilja losa um pláss í bókaskápnum geta tekið löngu lesnar bækur með sér á aðventu-hátíðina og leyft öðrum að njóta þeirra.

Síðast, en ekki síst, þá mun séra Gunnbjörg Óladóttir segja nokkur orð áður en kveikt verður á jólatréi Laugalandsskóla kl. 15:00.

Aðventuhátíðin að Lauga-landi er fastur liður í jólaundir-búningi margra Sunnlendinga, enda gefst þarna gott tækifæri til að versla einstakar jólagjafir og eiga góða stund með fjölskyldu og vinum í aðdraganda jóla.

Enginn aðgangseyrir og allir hjartanlega velkomnir!



Spjall um bæjarmálin

með þingmönnum Suðurkjördæmis

Lættar vestingar

Tryggvaskála, Selfossi
frá kl. 17-19 sunnudaginn 23. nóv

Flokkur Fólksins



Ljóð vikunnar

BRÍET, GYÐJA LJÓSSINS

Meðan heimur okkar brennur, hlýtur þú að undrast að við höfum villst svo langt frá þinni leið. Gyðja fædd af ljósi, sveipuð sólargeislaskikkju ¾ fótatak þitt blómstrar til að merkja okkar braut með safaríkum geitatoppi er gyllir hvern hól þyrnivafningum, vekur upp eikina miklu og fyllir skóga af hljómunum og þrastasöng svo að laxinn stekkur, kvikasilfur yfir mjóum læk — kallaðu okkur aftur að drekka af þinni dýru lind og læknastr í ljóshofi þínu, og tilbiðja enn þín helgu örfæfi.

Anne Casey, Írlandi

Mynd: Arte mural de la diosa celta Brígida, Etsy.com
Þýðing: Þór Stefánsson

Byrjaði að syngja áður en hún byrjaði að tala

Það ríkir mikill spenningur hjá Manúelu Maggý Friðjónsdóttur Morthens þessa dagana. Nýverið stóð hún uppi sem sigurvegari Söngvakeppni NFSu, og með því tryggði hún sér sæti sem fulltrúi FSU í Söngkeppni framhaldsskólanna í vor. Hún er sextán ára frá Þorlákshöfn sem elskar tónlist af lífi og sál.

13 ár af söng

Manúela er nýnemi við Fjölbautaskóla Suðurlands á félagsgreinalínu. Hennar helsta áhugamál hefur alltaf legið í tónlistinni. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún sungið í um það bil 13 ár og Manúela stefnir ekkert á að minnka við sig núna. „Ég byrjaði að syngja áður en ég gat talað,“ segir hún.

Manúela segir sig vera alin upp í mjög listrænni fjölskyldu og á þar sterkar rætur í tónlist. „Það hefur alltaf verið tónlist í kringum mig,“ segir hún. Manúela finnst skemmtilegt að læra á ný hljóðfæri og segir kunnáttu sína á ný hljóðfæri alltaf hafa komið með ótrúlegum léttleik. „Líklega vegna ADHD sem gerir þetta áhugamál svo mikið sterkara,“ segir Manúela.

„Ég byrjaði að syngja áður en ég gat talað“

Aðspurð hvernig það kom til að hún skræði sig í Söngvakeppni NFSu segir Manúela að það hafi í raun verið sjálfsagður hlutur. Hún tekur öll þau tækifæri sem



Manúela Maggý Friðjónsdóttur Morthens. Mynd: Aðsend.

henni gefst að fá að syngja eða taka þátt í söngkeppnum.

Söngkeppni NFSu var haldin 5. nóvember sl. og heppnaðist keppnin afar vel. Lagið sem Manúela tók var lagið Ekkert breytir því með hljómsveitinni Sálín hans Jóns míns þar sem Manúela sigraði. Lagið segir Manúela vera afar fallegt íslenskt lag og þess vegna hafi hún valið að syngja það.

Þrátt fyrir að hafa staðið uppi

sem sigurvegari segist hún alls ekki hafa reiknað með því. „Nei, ég bjóst ekki við að vinna,“ segir hún. Manúela segir sig ekki hafa tekið þátt til þess að vinna heldur einungis af reynslunni og skemmtuninni við að koma fram á sviði.

Sigurinn hefur nú fært henni það stóra hlutverk að vera fulltrúi FSU í Söngkeppni framhaldsskólanna í vor. Þetta er stórt skref en Manúela er afar spennt fyrir komandi tímum. „Ég er

en að stressið fari um leið og hún stígur upp á svið. Hún passar sig að undirbúa sig vel og ef hún er vel undirbúin minnkar stressið. „Ég slaka alveg á huganum og hugsa bara jákvætt,“ segir hún.

Mamma og pabbi besta hvatningin

Þeir sem hafa hvað mest haft áhrif á Manúelu í tónlistinni nefnir hún mömmu og pabba. „Þau sem hafa mestu áhrifin á mig eru mamma og pabbi,

Parton. „Ef ég fengi að syngja með hvaða listamanni sem er, þá væru þau efst á listanum,“ segir hún án þess að hika augnablik.

Manúela hlustar sjálf á fjölbreytta tónlist. „Alls konar, en aðallega jazz og gamaldags tónlist.“ Með fjölbreyttum tónlistarstíl hefur hún fengið innblásturinn á að semja sjálf sín eigin lög og texta og finnst henni skemmtilegt að spreyta sig áfram.

Atvinna í söng klárlega draumurinn

Að taka þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna er stórt tækifæri fyrir unga tónlistarmenn og Manúela er full af orku og spenningi. „Ég vil bara bæta í reynslubankann og læra alltaf eitthvað nýtt í hvert skipti,“ lýsir Manúela hvað hún vill fá úr því að keppa í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Manúela er í því ákveðin að þetta er eitthvað sem hana langar að vinna með í framtíðinni og hefur það alltaf verið draumurinn. „Það hefur alltaf verið draumur minn að gera þetta í framtíðinni. Ég sé þetta ekki bara sem áhugamál.“ Með 13 ára söngreynslu, fjölskyldu sem styður hana og sterka rödd er ljóst að hún hefur bæði hæfileika og þrautseigju til að fylgja draumnum eftir.

„Ekki bera þig saman við aðra“

Að lokum gefur Manúela góð ráð til annarra sem langar að

„Ekki bera þig saman við annað tónlistarfólk og ekki taka öllu of alvarlega... þetta á að vera gaman!“

mjög spennt og það er mikill heiður.“

Allt í allt finnst Manúelu ekki erfitt að koma fram fyrir framan fólk. „Mér finnst auðveldara að syngja uppi á sviði en að fara út í búð,“ segir hún. Manúela segir sig yfirleitt finna fyrir smá stressi áður en hún kemur fram á sviði

þau hafa alltaf hvatt mig sama hvað,“ segir Manúela. Hún er afar þakklát fyrir þeirra stuðning og hvatningu við áframhald í tónlistarbransanum.

En þegar kemur að fyrirmyndum í tónlistarheiminum nefnir Manúela hann Bubba Morthens, Öldu Dís og Dolly

feta sömu braut. „Vera óhrædd, æfa sig vel og hvetja sjálfan sig upp,“ segir hún ákveðin. Hún segir að maður eigi ekki að bera sig saman við annað tónlistarfólk, það séu allir með einstaka rödd. „Þetta á að vera gaman. Ekki taka öllu of alvarlega,“ segir hún í lokin. SEG



Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 20. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu okkar. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum og af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!
Verslun í heimabyggð!



EMIL & LINA

gina tricot



LINDIN
TÍSKUVERSLUN

HOTEL
SELFOS
RESTAURANT
& SPA



LINDEX

galleri OZONE
AUSTURVEGI 35
SELFOS



SIILAY
SNYRTIVÖRUSLUN

Sportbær
SKÓBÚÐ SELFOS



Litla garðbúðin
Austurvegi 21

ILVA

HLAÐAN



Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.

FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



decasoft

Copilot - hvað er það?

lærðu að nýta gervigreindina í leik og starfi

Fræðsla og ráðgjöf

í upplýsingatækni

decasoft@decasoft.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
20. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 20. nóvember kl. 14:45

SÖGUR OG MYNDIR
ÚR TRYGGVASKÁLA
DÍSA Í SKÁLANUM

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

KIRKJUR

Guðsþjónusta

Laugardaginn 22. nóvember
klukkan 11:00

Biblíufræðsla:

Harri Guðmundsson
Predikun: Jón Hjörleifur
Stefánsson

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma á sunnudögum
kl.11:00

English translation available.

Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00

Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta kl 11 á síðasta
sunnudegi kirkjuársins, 23. nóvember, við klassískan tíðasöng sem sóknarprestur, djákni og organisti leiða. Styttir stund en venjulega en afar innihaldsrík. Molasopi eftir stundina í Gestastofu. Innilega velkomin til að njóta þessarar ríkulegu hefðar og upplifa kirkjusöng í stórfenglegu umhverfi.

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 23. nóvember kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Miklós Dalmay, prestur Axel Árnason Njarðvík. Krílasálmur miðvikudaga kl. 10:15, foreldrasamvera kl. 11:00. Morgunbænir miðvikudaga kl. 10:00.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi að Eyravegi 15 milli 11-12 á laugardag 22 nóv. formaður félagsins mun fara yfir dagskrá vetrarins. öll velkomin.

KENNSLA

Söngkennsla fyrir byrjendur og lengra komna.

Get bætt við mig nemendum í einkatíma. Áhersla á tækni, túlkun og tjáningu.

Anna Jónsdóttir,
óperusöngkona og raddlistakona
Netfang: annamega@simnet.is
sími: 8640426



Jólabasar á Eyrarbakka

Hinn árlegi jólabasar Kvenfélagsins á Eyrarbakka er ein af föstum hefðum til margra ára og á sinn fasta sess í hefðum margra. Undirbúningur hjá basarnefndinni er búinn að vera síðan í september, og er búin að vera skemmtileg samvera að vinna saman að góðum verkefnum sem munu koma sér vel fyrir góð málefni fyrir íbúa okkar. Til sölu er ýmis varningur sem kvenfélagskonur hafa unnið að, ýmsar hannyrðir, jólavörur, áþrenntaðar sérivettur, sultur, kökur, marensar og smákökur, spil, söngbók og steypar vörur. Enn-

fremur styður samfélagið vel við okkar störf með því að leggja okkur lið sem ber að þakka. Kaffi, gos og vöflusala er til staðar og vonast Kvenfélagið til að sjá sem flesta og eiga notalega stund saman á Stað á Eyrarbakka sunnudaginn 23. nóvember. Basarinn hefst kl. 14,00 Einnig verðum við með sölubás á jólamarkaði í Rauðahúsinu. 30. nóvember frá kl. 13-17. Eins og endranær rennur ágóði til líknar og góðgerðarmála í nærsamfélagi okkar. Allir hjartanlega velkomnir f.h. basarnefndar Á.S.



Valgerður Guðnadóttir söngkona



Jóhann G. Jóhannsson leikari

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands eru orðnir árlegur viðburður í menningarlífi Sunnlendinga og í ár verða þeir í Selfosskirkju laugardaginn 29. nóvember. Að þessu sinni

er efnisskrá jólatónleikanna sett saman með börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í huga og meðal verka á tónleikunum er tónlist Howard Blake úr teiknimyndinni um Snjókarlinn sem gerð var eftir sögu Raymond Briggs. Jóhann G. Jóhannsson leikari verður sögumaður í flutningi verksins og auk hans koma Valgerður Guðnadóttir söngkona, Barna- og Unglingakórar Selfosskirkju og Söngfuglar Tónlistarskóla Árnesinga fram með hljómsveitinni sem skipuð verður 45 hljóðfæraleikurum. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Aðstandendur hljómsveitarinnar lofa skemmtilegum, fallegum og hátíðlegum tónleikum en þetta er í annað sinn sem jólatónleikar hljómsveitarinnar eru haldnir í Selfosskirkju.

HEILSA



KÍRÓPRAKTORSTOFA
- SELFOSS -

Tímapantanir í síma 482-2828
eða í noona appinu.

Dreymir um að syngja með Stebba Hilmars



Sigurður Emil Pálsson. Mynd: Aðsend.

Sigurður Emil Pálsson, 17 ára frá Flúðum, bar sigur úr bítum í söngvakeppni Menntaskólans að Laugarvatni, Blítt og Létt, sem haldin var 6. nóvember sl. með glæsibrag. Sigurður mun því keppa fyrir hönd ML í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin verður næsta vor.

„ML er lífið“
Sigurður, eða Siggí eins og hann er alltaf kallaður, er á öðru ári á félags- og hugvísindabraut við Menntaskólann að Laugarvatni þar sem hann skemmtir sér vel. „Ég elska ML, alltaf,“ Siggí lýsir félagslífinu og vináttunni sem ríkir í ML sem bestu árum lífs síns.

Siggí á ekki í vandræðum með að lýsa sjálfum sér. Hann syngur, finnst gaman að leika á sviði, spilar körfubolta og æfir blak. Á milli þess stýrir hann leikriti ársins hjá leikfélagi Menntaskólans að Laugarvatni.

Siggí er árhátíðarformaður innan Stjórn Mímis, nemendafélags Menntaskólans að Laugarvatni, ásamt honum Fannari Óla Ólafssyni. Saman gegna þeir því starfi að leikstýra leik-

riti skólans sem verður frumsýnt næsta vor. Að þessu sinni er leikhópurinn að setja upp leiksýninguna Gauragangur. Siggí er afar spenntur fyrir þessu verkefni sem er nú þegar hafið en finnst smá svekkjandi að fá ekki að vera á sviði að leika sjálfur. „Mér finnst skemmtilegast í öllum heiminum að fá að koma fram á sviði.“

Í einrómi fóru hjólin að snúast. Það má þó segja að reynsla hans á söng hafi ekki hafist fyrr en hann hóf skólagöngu sína við ML.

Hans fyrstu skref á sviði tók Siggí í fyrra þegar hann tók þá ákvörðun að keppa á Blítt og Létt í fyrra með vini sínum Vésteini Loftssyni þar sem þeir tóku lagið Ekkert breytir því

verið aftur snúið og hefur hann verið að syngja hástöfum síðan þá. Í byrjun haustannarinnar í ár hóf hann söngnám hjá Stefáni Þorleifssyni sem sér einnig um kórstjórn Menntaskólans að Laugarvatni. Hann segir söngnámið vera að aðstoða sig heilmikið.

Á Blítt og Létt í ár tók Siggí lagið Sumar konur eftir Bubba Morthens en ákvörðunin um lagið féll ekki fyrr en á síðustu stundu. Hann hafði uppgötvað lagið þegar hann sá vin sinn syngja það í TikTok-myndbandi og heillaðist strax af því. Hljóm-sveitin Stones Stones spilaði undir og lagið söng Siggí glæsilega enda sigurvegari keppninnar.

Aðdragandi keppninnar virtist stressandi fyrir Sígga og bjóst hann alls ekki við að vinna þar sem hann hafði verið veikur með hálsbólgu og nýlega greinst með berkjubólgu. „Ég var ótrúlega efins rétt fyrir keppnina út af veikindunum en svo hugsaði ég bara að þetta skipti engu máli, ef ég yrði falskur myndi það gleymast,“ segir Siggí.

Spennandi tímar framundan
Siggí er spenntur að fá að keppa fyrir hönd ML í söngkeppni framhaldsskólanna næsta vor. „Það er svo mikill heiður,“ segir

hann tengir hvað sterkast við. Honum finnst ekkert skemmtilegra en að skemmta á sviði fyrir framan áhorfendur. Hann vill meina að áhugi hans fyrir sviðslistinni hafi gert hann að virkum þátttakanda í félagslífi skólans, hvort sem það er í söng, leiklist eða ýmsum öðrum verkefnum. „Ég er athyglissjúkur í réttu orðunum,“ segir hann og brosir.

Áframhaldandi söngferill
Sigurður sér sönginn klárlega sem eitthvað sem hann vill halda áfram með. „Ég væri alveg til í að gera eitthvað með þetta í framtíðinni ef ég fæ tækifæri.“ Sígga langar í framtíðinni að gefa út sitt eigið og hefur verið að æfa sig í að semja.

Aðspurður um hver hans helsta fyrirmynd sé talar Siggí hlýlega til vina sinna sem hafa hjálpað honum að koma sér inn í tónlistina. Hann segir þó að enginn toppi Stefán Hilmarsson. „Fyrirmyndin mín er klárlega Stebbi Hilmars, ég dýrka löginn hans og hvernig hann syngur,“ segir Siggí. Siggí segir að ef hann fengi að syngja með hvaða tónlistarmanni sem er, þá væri það Stebbi Hilmars.

Að lokum
„EKKI vera hrædd við að fara upp á svið,“ segir Sigurður að lokum. Hann segir að ef maður nýtur þess að gera eitthvað sérstakt eigi maður að taka á skarið og gera það. „Taktu öll tækifæri, hvort sem þau eru pínulítill eða risastór.“ Siggí bendir síðast en ekki síst á að einfaldlega hafa gaman. „Það er það sem lífið snýst um, að hafa gaman.“

Siggí lítur björtum augum á komandi tíma og hann er spenntur að sjá hvað verður úr eigin reynslu á að koma fram. Þegar Siggí lítur fram á við vonast hann þó fyrst og fremst að reynslan færi honum gleði, skemmtun og stolta mömmu og pabba í stúkunni að horfa á. SEG

„Draumamarkmiðið er fyrst og fremst er það bara að skemmta mér og hafa gaman á sviðinu og sjá kannski einhverja vini mína í stúkunni.“

Uppgötvar rödd sína
Það er ekki langt síðan Siggí uppgötvaði áhuga sinn á söng en Siggí segir sig sjálfan ekkert hafa verið sérstakur söngvari fyrir nokkrum árum. Með endalausum rauli og æfingu á píanóleik

með Sálinni hans Jóns míns. Þátttakan tók óvænta stefnu og lentu vinirnir í þriðja sæti á keppninni með þrýði. „Eftir það var ég bara heltekinn og gat ekki hætt að syngja,“ segir Siggí. Siggí segir að þá hafi ekki

hann, „ég er smá stressaður en samt ekki því ég er líka búinn að ná öllu sem ég ætlaði mér, og miklu meira en það.“ Þó söngurinn hafi komið til-
tölulega nýlega inn í líf Sígga er það sviðsframkoman sjálf sem



Stjórn Mímis 25-26 nemendafélag ML þar sem Sigurður er árhátíðarformaður. Mynd: Aðsend.





534 9600
www.heyryn.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Persónulegar
jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Myndabækur • Dagatöl • Kort • Ljósmyndir • Nafnspjöld

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI
897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

ÖLL
ALMENN
SMÍÐAVINNA

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM



VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIR/ÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is



**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is